

Um aðferðafræði og niðurstöður Deloitte

15.5.2012

Samantekt vegna fundar í atvinnuveganefnd

Atvinnuveganefnd fór fram á við sjávarútvegsráðuneytið að bregðast við skýrslu sem endurskoðendafyrirtækið Deloitte gerði fyrir LIÚ um áhrif af frumvarpi um veiðigjöld á rekstur sjávarútvegsfyrirtæki. Áður hafði sami aðili kynnt drög að áliti fyrir nefndinni er byggðu á samantekt sem nýverið var kynnt á fundi Útvegsmannafélags Reykjavíkur. Rétt er að fara nokkrum orðum yfir þá hugmyndafræði er liggur að baki veiðigjaldi áður en brugðist er við aths. Deloitte enda má ljóst vera að skilningsleysi á henni leiðir fljótlega til misskilnings og hæpinna ályktana eins og nánar verður vikið að.

Markmið með álagningu rentugjalds eins og veiðigjalds er að afmarka skattstofninn við auðlindarentuna eða það sem stundum er kallað umframárður. Slík álagning á umframrentu í auðlindanýtingu er vel þekkt um allan heim. Til að átta sig á umframrentu í nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar nærtækast að skoða tekjur af fiskveiðum eftir að búið er að greiða allan tilfallandi rekstrarkostnað sem og að greiða fyrir það fjármagn sem lagt hefur verið fram, þ.e. verðryrnun rekstrarfjármuna og fjármagnskostnað vegna þeirra. Til þess að gera það er nauðsynlegt að leggja til grundvallar efnahagslegar raunstærðir og miða þær við fiskveiðar (og fiskvinnslu ef hagnaður af fiskveiðum er fluttur þangað með milliverðlagningu).

Það sama á við þegar lagt er mat á hvernig gjaldtakan mun snerta starfsemi félaga sem stunda fiskveiðar hvort sem er í heild eða einstök fyrirtæki. Líta verður á afkomu þeirra á mælikvarða efnahagslegra raunstærða. Ekki er unnt að vinna með hefðbundnar bókhaldslegar færslur sem, lýsa ekki raunverulegum kostnaði og mótast einnig af annarri starfsemi viðkomandi félags en fiskveiðum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 8% ávöxtun á alla fastafjármuni vegna útgerðar og 10% ávöxtun vegna vinnslu. Það sem eru umfram þessa ávöxtun er skilgreind sem auðlindarenta og er lagt til að henni sé skipt milli rekstraraðila og þess er telst eiganda auðlindarinnar þ.e. þjóðin. Auðlindaskattlagning verður að taka mið af því hver hagnaður fyrirtækja ætti að vera við eðlilegar aðstæður en ekki hver hann er vegna margvíslegra og oft óskyldra ráðstafana á fyrri árum. Sú hættan er alltaf fyrir hendi að fyrirtæki í auðlindanýtingu hafi ekki stjórn á kostnaði sínum þar sem vissa um aðgang að mikilli rentu til framtíðar er fyrir hendi.

Umfjöllun Deloitte er því marki brennd að hún leggur ekki til grundvallar efnahagslegar raunstærðir sem miðast við fiskveiðar og vinnslu sem og gefur hún sér vafasamar forsendur um afgerandi stærðir í útreikningum sínum eins og hér verður nánar gert grein fyrir.

- a) Fullyrðingar Deloitte um að “ávöxtun rekstrarfjármuna” skv frumvarpinu dugi “ekki til að geta innifalið að fullu bæði fjármagnskostnað og afborganir af skuldum vegna fjárfestinga” eru í senn órökstuddar og bera þess vott að Deloitte þekkir ekki til þeirrar aðferðafræði sem að baki árgreiðsluaðferðinni liggur. Þannig eru nafnvaxtakjör og skuldastaða á hverjum tíma í þessum útreikningi óviðkomandi en hvort tveggja eru afgerandi í niðurstöðum Deloitte. Deloitte tilgreinir hvorki það sem kallað er “eðlileg ávöxtunarkröfu” né forsendur “jafngreiðslu afborgana”.
- b) Í umfjöllun um auðlindarentu í fiskvinnslu reiknar Deloitte virðisaukningu í fiskvinnslu frá hráefnisverði til smásöluverðs erlendis og ályktar út frá því að “auðlindarenta myndast ekki við fullvinnslu afurða þar sem aðföng eru aðkeypt og framleiðslan er í samkeppni við aðrar vinnslur” og lítur alveg fram hjá því skilyrði að til þess að svo sé verði kaup og sala á aðföngum einnig að vera á virkum markaði. Þannig er litið fram hjá þeirri staðreynd að stór hluti sjávarafila er unninn eða seldur tengdum aðila og að verðlagning í þeim viðskiptum ber öll merki þess og leiðir til þess að hagnaður og þar með auðlindarenta kemur fram á

vinnslustiginu en ekki við veiðar. Ákvæði frumvarpsins miða að því að draga úr áhrifum þessarar milliverðlagningar en loka ekki augum fyrir henni.

- c) Deloitte gerir ráð fyrir að fjárfestingaþörf í sjávarútvegi sé 30% af EBITDA og það rökstutt með því að það sé í samræmi við hlutfall fjárfestinga á árunum 2001 til 2008. Þessi forsenda er fráleit og leiðir til villandi niðurstöðu því að ekkert röklegt samhengi er á milli fjárfestingaþarfar og EBITDA. Þetta sést best á því að við gengisfall líkt og varð á Íslandi árið 2008. Þá hækka tekjur sjávarútvegsins verulega og EBITDA sömuleiðis. Afturamóti er engin ástæða til að álykta að fjárfestingakostnaður rjúki upp samhliða auknum tekjum vegna falls krónunnar. Fjárfestingaþörf fylgir einfaldlega ekki breytingum á þessari stærð sem best sést á því að árunum 2009 og 2010 er þetta hlutfall miklu lægra. Deloitte kys þó að sleppa að tilgreina það. Engu að síður er niðurstaðan notuð til að áætla fjárfestingaþörf ársins 2010 sem þó liggur fyrir sem raunstærð. Með þessari aðferð er hún talin 19 milljarðar króna sem er 7 milljörðum króna hærri tala en reikningslegumafskriftum nam.
- d) Mat Deloitte á afskriftum er algjört ofmat á afskriftarþörf. Reikningslegar afskriftir miðast við heimildir skattalaga, sem leyfa mikið hraðari afskrift en svarar til efnahagslegrar rýrnunar eigna miðað við endingartíma þeirra. Stór hluti eigna í sjávarútvegi eru skip með langan endingartíma. (Meðalaldur fiskiskipa mun vera um 24 ár). Þá hafa mannvirki og lóðir einnig mikið vægi. Líklegt er að endingartími eigna sé að jafnaði yfir 30 ár og sé miðað við stofnverð um 350 milljarðar króna er eðlileg efnahagsleg afskrift lægri en þeir 12 milljarðar sem gjaldfærðir voru. Þannig eru afskriftir vísvitandi áætlaðar um 60% hærri en rök standa til og er þessi viðmiðun notuð í útreikningi á einstök fyrirtæki sem gerir þá útreikningi marklausa.
- e) Til viðbótar við þannig ofreiknaðar afskriftir bætir Deloitte síðan við “afskriftum” af skattalegu mati veiðiheimilda á þeirri forsendu að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir heimildum til “afskrifta” á þeim. Það er að vísu rétt að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að keyptar veiðiheimildir verði færðar til gjalda í samræmi við ákvæði skattalaga. Eðli sínu samkvæmt eru veiðiheimildir þó ekki afskrifanlegar þar sem þær rýrna ekki við notkun líkt og frystihús og skip gera. Með gjaldfærslunni munu þær hækka frádrátt frá tekjum við útreikning rentunnar en ekki er rökrétt að reikna þær einnig til frádráttar með þeim hætti sem Deloitte gerir.
- f) Augljóst er að Deloitte ofreiknar fjármagnskostnað með tvennum hætti. Annars vegar er skuldastofninn ofmetinn því að fyrirtækið tilgreinir allar skuldir útgerðafyrirtækja. Þegar auðlindarenta er metinn er afturamóti eingöngu horft til skuldsetningar vegna veiða og vinnslu en ekki vegna fjárfestinga í óskyldri starfsemi. Þegar kemur að tekjuhlíð styðst Deloitte þó við tekjum af aflasölu en það leiðir auðvitað til stórkostlegs misræmis milli skulda og tekna enda gefa þeir sé þá röngu forsendu að tekjur vegna aflasölu eigi að standa undir skuldum vegna fiskveiða og vinnslu sem og annarra skulda. Ef gæti ætti samræmis ætti að skrá tekjur vegna óskylds rekstrar og skuldir vegna óskylds rekstrar en slíkt er ekki gert. Að vísu er skv. skýringum Deloitte verðmæti eignarhluta í öðrum félögum dregin frá skuldum en þess er að gæta að í bókum eru eignarhlutir færðir á nafnverði eða kaupverði, sem stendur yfirleitt óbreytt í bókum en lán sem tekin eru vegna kaupanna eru færð upp með verðlagi eða gengi. Þá sýna reikningar einnig verulegar aðrar kröfur á tengda aðila sem einnig ætti að draga frá skuldum.
- g) Þá reiknar Deloitte nú með 6% vöxtum, sem er hækkun frá 5,5% sem Deloitte notaði fyrir fáum vikum. Í þessu samhengi er eðlilegt að reikna með raunvöxtum og ljóst að 6% er langt yfir því vaxtalagi sem er nú og verið hefur í langan tíma. Það er einnig yfir vaxtastigi lána í erlendri mynt sem ætla má af ársreikningum. (Í nýbirtum ársreikningum Granda eru

nafnvextir lána í evrum milli 4% og 5%.) Raunvextir af þessari stærðargráðu til atvinnustarfsemi með góðar tryggingar (kvóta) eru ósennilegir. Samkvæmt framtölum fyrir árið 2010 voru vaxtagjöld sjávarútvegsfyrirtækja um 17 milljarðar króna á árinu 2010. eru þá meðtaldir vextir af lánnum vegna eignarhluta o.fl., sem voru yfir þriðjungur eigna. Í útreikningum Deloitte eru vextir áætlaðir um 22 milljarðar króna.

- h) Líklegt að Deloitte ofmeti vaxtagjöld vegna veiða og vinnslu um 5 - 10 milljarða króna. Er það til viðbótar við að einnig er líklegt að Deloitte ofmeti afskriftir um a.m.k. 7 milljarða króna. Má áætla að Deloitte ofmeti afskriftir og vaxtagjöld í sjávarútvegi samtals um að minnsta kosti 12 milljarða (tala skv. framtölum) og líklega hátt í 20 milljarða króna. Þetta ofmat heildarinnar endurspeglast svo í útreikningum Deloitte fyrir einstök fyrirtæki þar sem sömu hlutfallsstærðir eru notaðar.
- i) Það kemur því ekki á óvart að niðurstöður mats Deloitte á áhrifum á einstök félög eru um margt sérkennilegar og vekja spurningar. Samandregnar niðurstöðurnar fyrir þau 11 félög sem Deloitte sérgreinir, flokkuð eftir þeim örlögum sem Deloitte spáir þeim eru sem hér segir.

	Þorskígildi tonn	EBITDA	EBITDA / kg	Vextir	Fjárfestingar	Veiðigjöld	Fjöldi félaga
Gjaldþrot	50.853	8.428	166	2.764	2.014	3.278	5
Óvissa	57.195	9.236	161	1.841	2.771	3.790	2
Standast	21.755	3.140	144	150	848	1.303	4

Það stingur í auga að öflug tengsl eru milli hagkvæmni og afkomuhorfa. Því hærri sem EBITDA á kg. er, þ.e. tekjur á kg er hærri eða kostnaður á kg er lægri því verri eru afkomuhorfur. Þær eru bestar hjá þeim félögum sem skila minnstri framlegð á kg. Þessi mótsögn er m.a. afleiðing af þeirri reglu að reikna afskriftir sem hlutfall af EBITDA og einnig þess að ofreikna vexti. Þessi dæmi Deloitte sýna öðru betur að greining þeirra byggist ekki á mati á afkomu og arðsemi veiða og vinnslu en snýst um að haga bókhaldslegum stærðum með þeim hætti sem henta þykir.

Af ofangreindum athugasemdum er ljóst að niðurstöður Deloitte um áhrif veiðigjalda á afkomu fiskveiða og fiskvinnslu eru ekki marktækar þar sem afskriftir eru ofreiknaðar, fjármagnskostnaður of hár og fjárfestingarþörf ofáætluð. Allt leiðir þetta til miklu dekkri niðurstöðu um áhrif frumvarpsins en ætla mátti. Í raun staðfestir greinargerð Daða Mús og Stefáns Gunnlaugssonar þetta því að í henni er komist að þeirri niðurstöðu að útgerðin þoli miklu herra veiðigjald en Deloitte kemst að niðurstöðu um. Sérstök ástæða er svo til að vekja athygli á því að margar þær umsagnir er borist hafa þinginu byggja á niðurstöðum Deloitte og ætla mátti að þær væru öðruvísi ef að vandaðra mat lægi þeim til hliðsjónar.